

### 5. Rekstrarleyfi – Félagsheimilið Breiðumýri

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 13. september s.l. þar sem Dagbjört Jónsdóttir, f.h. Þingeyjarsveitar sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – umfangslitlir áfengisveitingastaðir, í Félagsheimilinu Breiðumýri í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

Heiða yfirgaf fundinn eftir afgreiðslu þessa liðar.

### 6. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri

Tekið fyrir erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri, dags. 13. september s.l. þar sem óskað er eftir að lögheimilissveitarfélag greiði kostnað vegna tónlistarnáms nemanda á grundvelli samkomulags sem ríki og sveitarfélög undirrituðu árið 2011 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

*Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem nemandinn fellur ekki undir 1. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumuni nemenda frá árinu 2011.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25

Arnór Benónýsson  
Nanna Þórhallsdóttir  
Heiða Guðmundsdóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir  
Árni Pétur Hilmarsson  
Ragnar Bjarnason

# DALAKOFINN

## - Kótelettukvöld -

Laugardaginn **21. október** kl. **20** verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kótelettturnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti er brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávestir. Miðaverð er 5.000 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 16. okt. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið [dalakofinn@dalakofinn.is](mailto:dalakofinn@dalakofinn.is)

## Brids

Brids hefst á fimmtud. 11. okt. kl. 20.30 og verður alla fimmtudaga í vetur. Hvetjum bridsspilara að viðhalda þekkingunni og hafa gaman. Gjaldið er 500 kr. eins og áður. Spilaður verður tvímenningur.

Frá og með 9.okt. verður opið frá kl. **9 til 20.**  
Sunnudaga **11 til 20**  
Eldhúsið lokar 15 mínútur fyrir lokun.

Við viljum endilega viðhalda fjölnotapokunum til að spara plastpokana en þá verða pokarnir að koma til baka í næstu ferð en karfan hefur verið tóm undanfarið.

Verið ávallt velkomin  
Dalakofinn / Útibú ehf. [dalakofinn.is](http://dalakofinn.is)  
s. 464-3344



## Húsvörður á Ýdölum og við Þingeyjarskóla

Staða húsvarðar við félagshemilið á Ýdölum og við Þingeyjarskóla er laus til umsóknar, um er að ræða 100% starf frá og með 1. nóvember n.k.

### **Helstu verkefni og ábyrgð:**

Daglegt eftirlit með skólabyggingum og félagshemili  
Ábyrgð á daglegri húsvörslu og umsjón með notkun  
húsanna

Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt  
umhirðu lóða

Umsjón, eftirlit og vöktun kerfa, loftræstikerfa,  
öryggiskerfa og annan þann tækjabúnað sem  
viðkemur daglegum rekstri húsanna

Önnur tilfallandi störf

### **Hæfniskröfur:**

Góð þjónustulund og samskiptahæfni

Almenn tækjakunnátta

Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð

Iðnmenntun sem nýtist í starfi æskileg

Reynsla af umsjón fasteigna kostur

Í umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun, fyrri störf,  
meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram.

Allar nánari upplýsingar veita sveitarstjóri í síma 464  
3322 og skólastjóri í síma 464 3580.

Umsókn skal senda á Þingeyjarsveit Kjarna, 650 Laugar  
eða á netfangið [dagbjort@thingeyjarsveit.is](mailto:dagbjort@thingeyjarsveit.is)

Umsóknarfrestur er til 15. október n.k.

Sveitarstjóri

1. liður fundargerðar; Svartárvirkjun, beiðni um umsögn.  
*Sveitarstjórn tekur undir umsögn nefndarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim. Sveitarstjórn áskilur sér þó rétt til að setja nánari skilyrði um vöktun umhverfisáhrifa af óháðum eftirlitsaðila við útgáfu á fyrirhuguðu framkvæmdaleyfi t.d. varðandi lágmarksrennsli á ánni til að viðhalda staðbundnum fiskistofnum.*

Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis.

2. liður fundargerðar; Bergsstaðir, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið eins og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi mælir fyrir um.*

4. liður fundargerðar; Rauðá, umsókn um heimild til stofnunar frístundalóðar.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í Fasteignaskrá.*

5. liður fundargerðar; Langavatn, umsókn um heimild til landskipta.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna landskiptanna þegar fullnægjandi gögn hafa borist.*

6. liður fundargerðar; Illugastaðir, umsókn um heimild til stofnunar frístundalóða og lóðar undir kirkju.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðirnar í Fasteignaskrá þegar fullnægjandi gögn hafa borist.*

*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

### **4. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 12.09.2017**

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 12. september s.l. Arnór grein fyrir fundargerðinni sem er í 4 liðum.

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðin fyrir sitt leyti.*

**Fundargerð**  
**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**  
**28.09.2017**  
**223. fundur**  
**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**  
**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 28. september 2017 kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Framhaldsskólinn á Laugum – kynning
2. Byggingalóðir í sveitarfélaginu
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.09.2017
4. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 12.09.2017
5. Rekstrarleyfi – Félagsheimilið Breiðumýri
6. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri

**Til kynningar:**

- a. Aldursgreining í Þingeyjarsýslu – skýrsla Þekkingarnets Þingeyinga

**1. Framhaldsskólinn á Laugum – kynning**

Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, mætti til fundarins og kynnti starfsemi skólans fyrir sveitarstjórn.

*Sveitarstjórn þakkar skólameistara fyrir góða og áhugaverða kynningu.*

**2. Byggingalóðir í sveitarfélaginu**

Tekið til umræðu þróun byggðar í sveitarfélaginu, lóðaframboð o.fl.

*Sveitarstjóra falið að kanna áhuga landeigenda í sveitarfélaginu um mögulegt samstarf við sveitarfélagið um skipulagningu íbúðahúsalóða.*

**3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.09.2017**

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20. september s.l. Nanna gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í átta liðum.



**Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttar og æskulýðsstarfs**

**Styrkir til lista- og menningarstarfs**

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9. október n.k.**

**Styrkir til íþróttar- og æskulýðsstarfs**

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttar- og æskulýðsstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **9. október n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2016 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd  
Þingeyjarsveitar

## Frá Íslandi til Tasmaniu.

Ljósmyndasýningin, Frá Íslandi til Tasmaniu eftir Guðmund Bjartmarsson frá Sandi verður opnuð 6.október, kl 16 á neðri hæð Safnahússins á Húsavík. Sýningin verður opin til og með 20 okt á opnunartíma safnsins.

Guðmundur var fæddur 6.10 1948 d.10.3.2017. Hann bjó lengst af í Reykjavík, en síðustu árin einnig í Tasmaniu og er meirihluti sýningarinnar þaðan.

**Velkomnin á opnun. Léttar veitingar.**



## Æðruleysismessa í Þorgeirskirkju

Sunnudagskvöldið 8. október kl. 20.30 verður æðruleysismessa í Þorgeirskirkju. Tónlist í umsjá Elvars Bragasonar sem flytur jafnframt vitnisburð. Sr. Bolli flytur hugvekju. Gott að koma saman. Verið öll hjartanlega velkomin.

39.tbl.  
4.okt  
2017  
24. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



**LÖGIN AF VÍSNAPLÖTUNUM**  
Einu sinni var & Út um græna grundu  
flutt af einvala liði listafólks, barnakór og strengjasveit

**Samkomuhúsið á Húsavík**

**Föstudaginn 6. október kl. 20:00**  
**og laugardaginn 7. október kl. 16:00**

Miðasala í fullum gangi á tix.is

Tónlistarstjórn: **Guðni Bragason** || Leikstjórn: **Jóhann Kristinn Gunnarsson**

Tónleikadagane opnar miðasala  
2 klst. fyrir auglýstun tíme  
og húsið opnar svo 1 klst. fyrir.  
Miðaverð 5900.-